

11. fundur ferðamálaráðs
17. mars 2016 kl. 11-13

Fundarstaður: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Mættir: Þórey Vilhjálmisdóttir formaður, Þórir Garðarsson, Ásbjörn Þ. Björgvinsson, Halldór Benjamín Þorbergsson, Hjálmar Sveinsson, Páll Marvin Jónsson, Díana Mjöll Sveinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir, Ólöf Ýrr Atladóttir og María Reynisdóttir sem ritaði fundargerð.

Gestur: Edward H Huijbens, sérfræðingur hjá Rannsóknarmiðstöð ferðamála

1. Kortlagning stjórnkerfis ferðaþjónustunnar

a. Tilhögun verkefnis

Formaður Ferðamálaráðs og framkvæmdastjóri Stjórnstöðvar leggja til að verkefni um kortlagningu stjórnkerfis ferðaþjónustunnar verði best unnið í samstarfi Ferðamálaráðs og skrifstofu ferðamála atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytisins. Það muni felast í gagna/tengslaöflun (skrifstofa ferðamála) og rýni (Ferðamálaráð) en verkefnið verður einskorðað við eftirfarandi skref samkvæmt minnisblaði sem lagt var fram á fundinum:

- Kortleggja skipulag stjórnkerfis tengt ferðamálum í völdum löndum (maí)
- Taka saman efni um kortlagningu stjórnkerfis ferðaþjónustu á Íslandi (júní)
- Ferðamálaráð skili álitni til Stjórnstöðvar ferðamála varðandi næstu skref (sept)

Stjórnstöð ferðamála mun svo taka málið áfram. Ákveðið var að setja umrædda hugmynd í farveg en skilgreina þarf verkefnið og verklagið betur áður en það hefst. Áréttað var af fleiri en einum fundarmanni að mikilvægt sé að nýta það efni sem er þegar til og að álitnið verði einungis ráðgefandi.

b. Edward Huijbens - innlegg á símafundum

Edward hefur unnið ýmis verkefni sem tengjast stjórnkerfi íslenskrar ferðaþjónustu með einhverjum hætti. Nefndi Edward nokkur atriði sem gagnlegt gæti verið að skoða í tengslum við stjórnkerfið:

- Innleiða svæðishugsun í markaðsmálin og koma innlendra markaðssetningu í betri farveg
- Gagnasöfnun og úrvinnsla verði á hendi eins fagaðila
- Skerpa á eftirlits-, leyfis- og gæðamálum
- Byggja upp sérþekkingu á ferðaþjónustu hjá stofnunum sem fara með umhverfis- og samgöngumál

Samkvæmt Edward eru einkum þrjú lönd sem koma gjarnan upp í umræðu um fyrirmyndar fyrirkomulag stjórnkerfis ferðaþjónustu: Finnland, Nýja Sjáland og Kanada. Önnur lönd sem voru nefnd í umræðum voru Skotland, Noregur og Costa Rica.

2. Skýrsla ráðherra um ferðamál

Almenn ánægja var með skýrslu iðnaðar- og viðskiptaráðherra um ferðamál sem var skilað inn til þingsins 16. mars. Skýrslunni er ætlað að uppfræða þingið um stöðu mála og hvetja til umræðna um málefni ferðaþjónustunnar.

3. Tillögur um bætt öryggi ferðamanna

Farið var yfir tillögur sem kynntar voru fyrir stjórn Stjórnstöðvar ferðamála 2. mars um bætt öryggismál á ferðamannastöðum fyrir árið 2016. Um er að ræða brýnar úrbætur á 24 skilgreindum ferðamannastöðum um allt land. Fjármögnun tillagnanna er til skoðunar hjá atvinnuvega – og nýsköpunarráðuneytinu en vonir standa til að hægt sé að fjármagna þær að mestu leyti úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Í framhaldinu fara tillögurnar fyrir ríkisstjórn til samþykktar.

4. Önnur mál

Samþykkt var að formaður myndi koma eftirfarandi bókunum til ráðherra:

- a. Þórir Garðarsson óskaði eftir því að það kæmi fram hve ánægjulegt það væri hvað virðisaukaskattstekjur af ferðaþjónustu í ríkissjóð hafa aukist mikið milli ára eða um 10 milljarða á milli ára 2014 og 2015. Mikilvægt sé að fjármagnið renni aftur í uppbyggingu greinarinnar.
- b. Ásbjörn Björgvinsson óskaði eftir því að það kæmi fram að fækkun hrefna er farin að hafa skaðleg áhrif á upplifun ferðamanna af hvalaskoðun í Faxaflóa. Hrefnuveiðarnar eru ekki sjálfbærar og hagsmunir hvalveiðimanna afar litlir í samanburði við mikilvægi tekna af ferðaþjónustu. Hann tekur undir áskorun SAF og Reykjavíkurborgar um að skoðunarlínan verði færð út og óskar eftir því að ráðherra beiti sér í þessu máli.

Fundi slitið kl. 12:30.